



Aukin velferð og lækkun verðbólgu

Kjarasamningarnir 2024

Kynning hjá Verkalýðsfélagi Akraness

Meginmarkmið

- **I. Lækkun verðbólgu með samstilltu átaki** verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda, ríkis og sveitarfélaga, banka og annarra.
- Stefnt að örri lækkun verðbólgu og örri lækkun vaxta
- Öll þurfa að skila sínu
- **II. Endurreisn tilfærslukerfa heimila vinnandi fólks**
 - Barnabætur, vaxtabætur og leigubætur
 - Aðrar umbætur í velferðarmálum
- Samningur verði til minnst 3ja ára



Samningstími


- Langtímasamningur til fjögurra ára sem gildir frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028.
- Launahækkarnir koma til áhrifa á fjórum dagsetningum með árs millibili á samningstíma.

Markmið og forsendur

- I. **Velferðarkerfin** skili heimilum með lægri tekjur og millitekjur á bilinu 30-50 þús. kr. aukalega á mánuði – Kostar 20-25 milljarða á ári
- II. Launahækkunarir verði hófstílltar
- III. Fyrirtæki lækki hagnaðarkröfu sína, með lægri álagningu
- IV. Aðhald í hækkunum opinberra gjalda ríkis og sveitarfélaga
- V. Vextir húsnæðislána lækki í takti við lækkun verðlags
- VI. Forsenduákvæði tryggi að samningur verði bættur ef verðlag lækkar ekki nógu hratt með því að samningar losni ef verðbólga verður yfir ákveðnum mörkum (4,9% árið 2025 og 4,7% árið 2026)



Forsendur um lækkun verðbólgu og endurskoðun samnings



Launabreytingar

Launahækkunar á samningstímabili




- Hækkunar eru blanda krónutölu og prósentu:

1. febrúar 2024	1. janúar 2025	1. janúar 2026	1. janúar 2027
3,25%, þó að lágmarki 23.750 kr.	3,50%, þó að lágmarki 23.750 kr.	3,50%, þó að lágmarki 23.750 kr.	3,50%, þó að lágmarki 23.750 kr.

- Hjá Eflingu leggst krónutöluhækkun á byrjanda í lægsta launaflokki, öll bil milli flokka og starfsaldursþrepa halda sér.
- Meðalhækkun í launatöflunni verður 25.165 kr. á ári.
- Laun byrjanda hækka um 95.000 kr. á samningstíma, eða um 23,6%
- Meðaltalshækkun í töflunni er 100.659 kr. á samningstímanum.
- Aðrir kjaratengdir liðir taka almennum % hækkunum (3,25% og 3,50%).

Ár 1: Launahækkun eftir tekjubílum

Meiri hlutfallsleg hækkun á lægstu laun



Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA og SGS





Orlofs- og desemberuppbætur 2024-2027

	Orlofsuppbót	Desemberuppbót
2024	58.000	106.000
2025	60.000	110.000
2026	62.000	114.000
2027	64.000	118.000

Kauptaxtauki – vörn taxta gegn launaskriði

- Trygging launataxta láglaunafólks vegna launaskriðs hjá hærri launahópum.
- Haldi kjarasamningar gildi sínu skal launa- og forsendunefnd í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um sérstakan kauptaxtauka, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta Eflingar og SGS.
- Bera skal saman hlutfallslega hækkun þeirrar vísitölu og hlutfallslega hækkun kjarasamninga SGS/Eflingar á sama tímabili.
- Kauptaxtaukinn reiknast sem hlutfall umframhækkunar af framangreindum kauptaxta og hækka allir lágmarkskauptaxtar kjarasamninga aðila um það hlutfall frá og með 1. apríl ár hvert.

- a) *Í mars 2025 skal horfa til tímabilsins nóvember 2023 - nóvember 2024*
- b) *Í mars 2026 skal horfa til tímabilsins nóvember 2024 – nóvember 2025*
- c) *Í mars 2027 skal horfa til tímabilsins nóvember 2025 - nóvember 2026*



Forsenduákvæði – framleiðniauki

- Framleiðniauki tryggir launafólki hlutdeild í framleiðniaukningu.
- Kjarasamningurinn gerir ráð fyrir að framleiðnivöxtur verði 2% að jafnaði á ári á samningstímanum.
- Aukist framleiðni meira mun launafólk fá hlutdeild í þeirri verðmætaukningu í formi sérstaks framleiðniauka, skv. neðangreindum viðmiðum:

Framleiðni	Launaauki
>2,0%	0,35%
>2,5%	0,70%
>3,0%	1,05%

- Greiðist 1. apríl 2026 vegna framleiðni 2025
- Greiðist 1. apríl 2027 vegna framleiðni 2026
- Forsendunefnd ákvarðar útgreiðslu framleiðniauka
- Útgreiðsla er háð því að ekki hafi verið samdráttur í framleiðni á fyrra ári

Helstu þættir kjarabóta

Árangur I

- Launahækkarnir eru hóflegar, sem skapar **svigrúm í fyrirtækjum og hjá þjónustuaðilum til örra verðlækkana**
- **Vextir eiga að öðru óbreyttu að lækka** samhliða verðlagi.
- Kaupmáttur launa mun aukast hjá láglaunafólki á árum 2 til 4 – hve mikið ræðst endanlega af verðbólgunni á hverju ári.
- **Framlag ríkisins** bætir kaupmátt stórlega á fyrsta ári, einkum með aðgerðum fyrir barnafjölskyldur og með auknum húsnæðisstuðningi.
- Framlag ríkis mun skila um 20-25 milljörðum á ári, svipað og farið var fram á – en ráðstöfun er að hluta með öðrum hætti en lagt var upp með.
- Um helmingur skilar sér til verkafólks í gegnum tilfærslukerfin (um 10 milljarðar), en minnstur árangur náðist í hækkun vaxtabóta. **Annað kemur í staðinn.**
- Ef **framleiðnivöxtur** verður mikill á samningstímanum getur komið til greiðslu launauppbótar 2026 og 2027, skv. fyrirfram ákveðinni formúlu
- Ef launaskrið verður umfram hækkun launa hjá láglaunahópum kemur til leiðréttingar með sérstökum **kauptaxtauka** á árunum 2025 til 2027

Árangur II – Fríar skólamáltíðir

- Þetta kemur í stað endurreisnar vaxtabótakerfisins
- Frá og með haustinu 2024 verða **skólamáltíðir í grunnskólum gjaldfrjálsar**
- Á Akranesi er þetta nú kostnaður upp á tæpar 12 þús. kr. á mánuði fyrir eitt barn. Fyrir 2 börn er þetta þá sparnaður í útgjöldum barnafjölskyldna sem nemur nærri 24 þús. kr. á mánuði (í 9 mánuði á ári).
- Það er ígildi um 40 þús. kr. launahækkunar. Þetta mun kosta um 5 milljarða á ári.

Árangur III - Leigjendur



- Leigubætur munu **hækka um 25%** og sérstök **aukahækkun** kemur til barnmargra fjölskyldna á leigumarkaði: 24 þús. aukalega fyrir hjón með 3 börn og 31 þús. fyrir hjón með 4 börn.
- **Bætt er við átak um fjölgun félagslegra íbúða** úr 2000 (sem áður var fram komið) í 4000 á samningstímanum, einkum fyrir lágtækjufólk.
- Þetta eru **stofnframlög** sem nýtast m.a. í almenna íbúðakerfinu sem er í forsjá verkalýðshreyfingarinnar.
- Þetta mun kosta aukalega um 7,5-9 MA á seinustu árum samningsins.
- Unnið verður áfram að endurbótum á húsnæðisstefnu, en ekki verður um fulla samræmingu á sérstökum húsnæðisstuðningi sveitarfélaga að ræða að þessu sinni.
- Að því þarf að vinna áfram.

Árangur IV – Reglun á leigumarkaði



- **Frumvarp um reglun** væntanlega afgreitt á vorþingi 2024. Markmið er að styrkja réttarstöðu leigjenda og hamlar hækkunum á leigu (grein 3.5).
- Almenn **skráningskylda leigusamninga** í leiguskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verður lögfest (**fleiri munu þar með fá leigubætur og réttarstaða styrkist, m.a. fyrir innflytjendur**).
- Upplýsingar um markaðsleigu sambærilegs húsnæðis verði þar með aðgengilegri samningsaðilum til viðmiðunar við ákvörðun leigufjárhæðar.
- **Forgangsréttur leigjenda til áframhaldandi leigu** húsnæðis við lok tímabundins leigusamnings verður efldur.
- **Skýrara regluverk um ákvörðun leigufjárhæðar** í upphafi við gerð leigusamnings, við breytingar á leigutíma og við endurnýjun eða framlengingu samnings að leigutíma loknum.
- **Kærunefnd húsamála verður efld**, m.a. til að leysa úr ágreiningsmálum um ákvörðun leigufjárhæðar. Beinni viðmið um leiguhækkanir vantar þó.

Árangur V - Barnabætur



- **Hækkun barnabóta um 6% 2024 og skerðingar** vegna tekna lækkaðar úr 5% í 4%
- Þetta mun kosta um 3 MA aukalega 2024 og hækkar síðan í um 5 MA á árinu 2025. Þá verða heildarútgjöld til barnabóta komin úr tæpum 15 milljörðum í um 20 milljarða.
- **Verðtrygging barnabóta í tvö ár** (hreyfingin þarf í framhaldinu að þrýsta á um varanlega verðtryggingu allra bóta tilfærslukerfanna).
- **Hámark greiðslna í fæðingarorlofi hækkar** úr 600 þús. í 800 þús. á árinu 2025 og áfram í 900 þús. árið 2026. Þetta mun kosta um 4 MA þegar allt er komið.
- Dregið verður úr umönnunarbili í fæðingarorlofi (hvernig?).
- Greiðslur úr ábyrgðasjóði launa lækkaðar.

Árangur VI – Vaxtalækkunar og fleira

- Ef lækkun vaxta skilar sér vel **mun greiðslubyrði húsnæðisskulda lækka umtalsvert.**
- Mánaðarleg greiðslubyrði óverðtryggðra lána lækkar beint en hjá þeim sem eru með verðtryggða vexti kemur lækkunin fram sem minni viðbót verðbótaþáttar við höfuðstól, það er eignamyndunin batnar.
- **Ef raunvextir lækka fá allir lækkaða greiðslubyrði**
- Auðveldara verður fyrir þá sem eru með verðtryggð lán að breyta yfir í óverðtryggð lán ef vextir lækka umtalsvert.
- Á árinu 2024 verður greiddur **sérstakur vaxtastuðningur**, háð skuldastöðu og tekjum fólks. Hámark fyrir einhleypa er **150 þús., 200 þús. fyrir einstæða foreldra og 250 þús. fyrir hjón.** Kostar 5-7 milljarða.
- Þetta greiðist inn á höfuðstól eða til lækkunar á afborgunum, eftir vali fólks
- Stjórnvöld lýsa vilja til að ræða áfram við verkalýðshreyfinguna um **fram tíðarfyrirkomulag húsnæðisstuðnings** fyrir eigendur og leigjendur.
- Á næstu glæru er sýnt hvernig **2,5% lækkun vaxta** skilar sér í lækkaðri greiðslubyrði húsnæðislána, eftir mismunandi skuldastöðu. Þetta eru ígildi mikilla launahækkana.

Heildarmynd kjarabóta á ári 1

Launabreytingar og velferðargreiðslur samanlagðar – eftir skatt
Mikið vægi velferðarumbóta

Ávinningur vegna vaxtalækkunar
 Við undirritun samningsins eru stýrivextir 9,25%
 Vaxtalækkun samhliða lækkun verðlags skilar lántakendum umtalsverðum ávinningi

Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun	Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
25.000.000	1%	20.833	33.560	402.720	33.000.000	1%	27.500	44.300	531.600
	1,50%	31.250	50.350	604.200		1,50%	41.250	66.460	797.520
	2%	41.667	67.130	805.560		2%	55.000	88.600	1.063.200
	2,50%	52.083	83.910	1.006.920		2,50%	68.750	110.760	1.329.120
Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun	Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
40.000.000	1%	33.333	53.706	644.472	60.000.000	1%	50.000	80.560	966.720
	1,50%	50.000	80.559	966.708		1,50%	75.000	120.840	1.450.080
	2%	66.667	107.413	1.288.956		2%	100.000	161.120	1.933.440
	2,50%	83.333	134.265	1.611.180		2,50%	125.000	201.400	2.416.800

Ávinningur vegna lækkunar verðbólgu

Í dag er verðbólgan 6,7%



Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
25.000.000	6%	12.500	20.140	241.680
	5%	33.333	53.706	644.472
	4%	54.167	87.273	1.047.276
	3%	75.000	120.839	1.450.068

Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
33.000.000	6%	16.500	26.585	319.020
	5%	44.000	70.892	850.704
	4%	71.500	115.200	1.382.400
	3%	99.000	159.508	1.914.096


Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
40.000.000	6%	20.000	32.224	386.688
	5%	53.333	85.929	1.031.148
	4%	86.667	139.637	1.675.644
	3%	120.000	193.343	2.320.116

Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
60.000.000	6%	30.000	48.336	580.032
	5%	80.000	128.895	1.546.740
	4%	130.000	209.454	2.513.448
	3%	180.000	290.014	3.480.168


Samsetning kjarabóta í samningnum í heild

- Launahækkunarir
- Hækkunarir leigubóta
- Fríar skólamáltíðir
- Hækkunarir barnabóta
- Sérstakur vaxtastuðningur á árinu 2024
- Meiri fjölgun ódýrs leiguhúsnæðis
- Hækkun launapaks í fæðingarorlofi og brú á umönnunarbili
- Sérstök hækkun launa í ræstingu
- Fleiri orlofsdagar og réttindabætur
- Lækkun vaxta af húsnæðislánum með lægri verðbólgu
- Aukinn kaupmáttur launa með lægri verðbólgu


Ár 1: Kjarabætur einstæðra foreldra með 2 börn; leiguhúsnæði




Ár 1: Kjarabætur hjóna með 2 börn í leiguhúsnæði



Ár 1: Kjarabætur einhleypra barnlausra leigjenda




Mest hlutfallsleg aukning í lægri hópum og barnafjölskyldum




Hlutur launabreytinga einna Meiri kaupmáttaraukning í lægstu hópum

Ár 1 – Kaupmáttarbreyting launa einna


Við bætist síðan framlag ríkisins til velferðarmála




Ár 2 – Kaupmáttarbreyting launa



Ár 3 - Kaupmáttarbreyting



Ár 4 - Kaupmáttarbreyting



Sérstakar umframhækkanir ræstingarfólks



Mikil lagfæring launa í ræstingu

- Röðun í töflu
 - Hækkun um 2 launaflokka. Ræstingu verður raðað í lfl. 8, var áður í lfl. 6
- Viðbótarlaun
 - Ræstingarauki verður greiddur frá 1. ágúst 2024
 - Sérstök mánaðarleg greiðsla kr. 19.500 auk orlofs
- Útboðsmál
 - Skipun starfshóps sem fær það verkefni að greina stöðu útboðsmála í ræstingu og móta æskilegar útboðsaðferðir og funda með helstu útboðsaðilum á ræstingarþjónustu til að tryggja að útboð taki í meira mæli mið af hæfni og gæðum.
 - Fundum með helstu útboðsaðilum skal lokið 1. október 2024.

Miklar aukahækkunar launa í ræstingu (11-12%)

	Taxtahækkun strax	2 lfl. frá 1. febrúar	Ræstingarauki frá 1. ágúst	Samtals
Byrjunarlaun	24.027 kr.	5.013 kr.	19.500 kr.	48.540 kr.
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	24.266 kr.	5.064 kr.	19.500 kr.	48.830 kr.
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	24.631 kr.	5.140 kr.	19.500 kr.	49.271 kr.
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	25.124 kr.	5.242.kr.	19.500 kr.	49.866 kr.

Réttindabætur

Aukinn orlofsréttur og breyting á ávinnslu orlofs

Eldra fyrirkomulag:

Orlofs-dagar	Orlofs-prósenta	Hvernig áunnið?
24	10,17%	Lágmarksorlof
25	10,64%	5 ár í fyrirt./10 ár í starfsgr.
30	13,04%	10 ár hjá sama fyrirtæki

Nýtt fyrirkomulag:

Orlofs-dagar	Orlofs-prósenta	Hvernig áunnið?
24	10,17%	Lágmarksorlof byrjenda
25	10,64%	Lágmarksorlof eftir 22 ára aldur og 6 mánaða starf
28	12,07%	5 ár í fyrirtæki
30	13,04%	10 ár hjá sama fyrirtæki

Ávinnsla skv. nýju fyrirkomulagi hefst 1.5.2024 (25 og 26 dagar)
Ávinnsla 27. og 28. daganna hefst 1.5.2025

Önnur atriði samningsins Greiðasölusamningur

- Starfsfólk hótela og veitingahúsa hækkar um 1 launaflokk.
 - Almennt starfsfólk úr lfl. 5 í lfl. 6
 - Sérþjálfaðir úr lfl. 6 í lfl. 7
- Á móti kemur að heimilt verður að greiða vaktaálag þar til fullum vinnuskilum er náð. Yfirvinnukaup greiðist eftir full vinnuskil.
- Í 5. kafla um fyrirtækjapátt eru heimildir auknar til að semja um upptöku jafnaðarálags að gefnu samþykki stéttarfélags og starfsfólks.
- Stéttarfélög hafa fulla aðkomu að viðræðum um slíkt og aðgang að öllum gögnum sem liggja til grundvallar útreikningum á jafnaðarálagi.



Fiskvinnslukaflinn

- Ýmis konar tiltekt, aðalmálið er þetta:
- **Grein 18.4.5.1, orðast þannig**
- Fiskvinnslufólk sem hefur lokið fiskvinnslunámskeiði færist í 9. launaflokk.
- Ef starfsmanni er ekki boðið námskeiðið innan 11 mánaða eftir gildistíma kauptryggingar skulu starfsmenn eigi að síður njóta hækkunar.
- Ef starfsmaður sækir síðar fiskvinnslunámskeið, sem hefur þegar fengið hækkun, fær hann ekki frekari hækkanir vegna fiskvinnslunámskeiðs.
- Hafni starfsmaður að sækja námskeiðið fellur hækkunin niður.

Önnur atriði samningsins sem snúa að SGS

- Gr. 3.4.2 Fæðispeningar taka sérstökum hækkunum:
 - Fjárhæðin kr. 2.178 verður kr. 3.000
 - Fjárhæðin kr. 4.547 verður kr. 6.000
 - Fjárhæðin kr. 6.325 verður kr. 9.000
- Gr. 5.11 – Endurbætur á kafla um styttingu vinnutíma. Markvisst verði unnið að því á samningstímanum að fjölga samningum sem gerðir eru undir þessum kafla.
- Ný grein 7.6 - Ábendingar um öryggi og aðbúnað á vinnustað (8.7 í greiðasölusamningi)
 - Samkvæmt ákvæðum kaflans er atvinnurekanda óheimilt að láta starfsmann sem leggur fram athugasemd vegna aðbúnaðar eða öryggis á vinnustað gjalda þess í starfi að hafa komið með slíka ábendingu. Jafnframt ber atvinnurekanda að bregðast við og upplýsa starfsmann um framgang málsins.

Önnur atriði samningsins sem snúa að SGS

- 13. kafli um trúnaðarmenn styrktur
 - Heimilt að kjósa þrjá trúnaðarmenn þar sem starfa fleiri en 120
 - Gera skal samkomulag um þann tíma sem trúnaðarmaður þarf til að sinna sínum störfum
 - Réttur trúnaðarmanns til setu á námskeiði aukinn og vaktavinnufólk betur tryggt gegn launatapi sökum námskeiðssetu
- 17.8 um hóp bifreiðastjóra
 - Vinnutíma bílstjóra í ferð telst ekki lokið fyrr en hann er kominn á þann gististað sem atvinnurekandi hefur ákveðið
- Heimildir eftirlitsfulltrúa
 - Heimildir fulltrúa í vinnustaðaeftirliti ná nú til fyrirtækja í ræstingu og fiskvinnslu
- Bókun um áhrif tómlætis:
 - Ef kjör starfsmanns, heildstætt metið, eru lakari en lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi, skal krafa hans um leiðréttingu, komi hún fram á starfstíma eða innan 6 mánaða frá starfslokum, ekki falla niður fyrir tómlæti en fyrnast samkvæmt almennum reglum

Nýtt hæfnilaunakerfi

- Rammasamningur um nýtt hæfnilaunakerfi í 5. kafla um fyrirtækjapátt.
- Breytingar á gr. 1.1.3 og 1.1.4, með vísun í hæfnilaunakerfið.
- Í nýju hæfnilaunakerfi er heimilt að meta hæfni til launa.
- Þegar öllum hæfnikröfum starfs er náð er færnin staðfest með fagbréfi viðkomandi starfs, sem gefið er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Með þessu er lagður grunnur að launasetningu út frá eðli starfsins og hæfni starfsfólks óháð starfsheiti sem eru ekki hluti af þessu kerfi.

Nýtt hæfnilaunakerfi

Bókun og framkvæmdaáætlun

Bókun um nýtt hæfnilaunakerfi [2024]


Aðilar eru sammála um að stofna hóp (tveir fulltrúar frá SA og tveir frá SGS) sem komi saman að lágmarki fjórum sinnum á ári til að fylgja eftir framkvæmdaáætlun og meta stöðu verkefnisins með reglubundnum hætti í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Framkvæmdaáætlun


Aðilar eru sammála um að fjölga starfaprófílum í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfniviðmið starfs eru greind með hæfnigreiningu, matslistar þróaðir fyrir störf, og í kjölfarið er hæfni staðfest með útgáfu Fagbréfa.

Aðilar eru sammála um gerð kynningarefnis og leiðbeiningar fyrir fyrirtæki og starfsfólk um nýja hæfnilaunakerfið. Aðilar vinna sameiginlega að gerð kynningarefnisins í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.


Einstæðir foreldrar í leiguhúsnæði – 1 barn




Einstæðir foreldrar í leiguhúsnæði – 2 börn



Hjón með 2 börn í leiguhúsnæði




Hjón með 4 börn í leiguhúsnæði



Leigubætur:

25% hækkun og mikil viðbót fyrir stærstu fjölskyldur



Leiðrétting launa í ræstingu

	Taxtahækkun strax	2 lfl. frá 1. febrúar	Ræstingarauki frá 1. ágúst	Samtals
Byrjunarlaun	23.750 kr.	4.734 kr.	19.500 kr.	47.984 kr.
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	23.750 kr.	4.781 kr.	19.500 kr.	48.031 kr.
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	23.750 kr.	4.853 kr.	19.500 kr.	48.103 kr.
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	23.750 kr.	4.950 kr.	19.500 kr.	48.200 kr.

	Mánaðarlaun áður	Mánaðarlaun frá 1. ágúst	Hækkun kr.	Hækkun %
Byrjunarlaun	406.914	454.898	47.984	11,8%
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	410.984	459.015	48.031	11,7%
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	417.148	465.251	48.103	11,5%
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	425.491	473.691	48.200	11,3%